

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Akraneskaupstað.

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 8. mars 2011 var samþykkt breyting á deiliskipulagi við Höfðasel 2-4 á Akranesi.

Breytingin felst í að lóðamörkum er breytt milli lóðanna Höfðasels 2 og Höfðasels 4.

Lóðin við Höfðasel 2 stækkar um 549,8 m² og Höfðasel 4 minnkar samsvarandi. Byggingarreitur á lóð nr. 2 er stækkaður til norðausturs og miðað við að fjarlægðin frá byggingarreit að lóðarmörkum við götu sé 5 metrar en byggingarreitur sé við lóðarmörk þar sem lóðirnar við Höfðasel 2 og 4 liggja saman.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 4. apríl 2011.

Þorvaldur Vestmann framkvæmdastjóri.

B-deild – Útgáfud.: 5. apríl 2011